

# LANDSMÓT ÆSKP Á AKUREYRI 2016

## SKÝRSLA LANDSMÓTSSTJÓRA

Nokkrum vikum fyrir landsmót 2015 í Vestmannaeyjum var haft samband við starfsólk hér í Akureyrarkirkju til að kanna hvort möguleiki væri á að hafa Landsmót 2016 á Akureyri. Formlegt bréf var sent á sóknarnefnd kirkjunnar sem samþykkti það erindi og undirrituð var fengin til að taka að sér starf landsmótsstjóra, sem hún gerði góðfúslega og hófst undirbúningur fljótt á nýju ári 2016.

### Landsmótsnefnd 2016 var þannig skipuð:

Sr. Sunna Dóra Möller	Landsmótsstjóri
Jónína Sif Eypórsdóttir	Framkvæmdastjóri ÆSKP
Sr. Eva Björk Valdimarsdóttir	Formaður ÆSKP
Katrín Helga Ágústsdóttir	Umsjón með sjálfbóðaliðum
Elías Bjarnason	Hljómsveit
Kristján Ágúst Kjartansson	Umsjón vakta
Sigurður Óskar Óskarsson	Umsjón sjoppu
Jakob Þór Möller	Hljóð og ljós
Guðmundur Karl Einarsson	Gjaldkeri ÆSKP, umsjón með skráningu
Daníel Ágúst Gautason	Miðlun
Herdís Ingvadóttir	Umsjón með ratleik
Hjörtur Freyr Sæland	Tæknimál
Konný Björg Jónasdóttir	Umsjón með hæfileikakeppni

### Undirbúningur og fundir

Strax eftir landsmót í Vestmannaeyjum hófst vinna hér í Akureyrarkirkju við undirbúning Landsmóts 2016. Eðli málsins samkvæmt er vinnan á frumstigi aðallega fólgin í að skoða hugsanlegt mótssvæði, skoða matarmálin, finna húsnæði og leita styrkja og stuðnings við þetta stóra mót. Framkvæmdastjóri og formaður ÆSKP komu í páskavíkunni 2016 hingað norður og voru heilan dag hér og funduðu. Áttum við meðal annars fund við Eirík Björn Björgvinsson bæjarstjóra Akureyrar þar sem farið var fram á stuðning bæjarsins við mótið

ásamt því að leita möguleika á afslætti af aðstöðu eins og í Höllinni á Akureyri. Einnig var fundað með fulltrúum Bautans á Akureyri varðandi matarmálin. Þar sem fundurinn átti sér stað í páskavíkunni náðum við ekki að hitta á alla sem nauðsyn var og var því ákveðið að funda aftur í September og komu þá gjaldkeri og framkvæmdastjóri sambandsins norður einn dag þar sem lausir endar voru hnýttir varðandi öll praktísk mál sem sneru að húsnæðismálum ofl. Allt saman góðir fundir og það er mín tilfinning að einstaklega vel hafi gengið að vinna að undirbúningi og góður andi og samstarf mótsnefndar í alli staði gefandi og gott.

## **Helgihald**

Þema mótsins var „Flóttamenn og fjölmening“ og helgistund föstudagskvöldsins var í höndum sr. Evu Bjarkar Valdimarsdóttur og Muhammed Emin Kizilkaya frá Horizon samtökunum. Bænirnar voru þannig fluttar bæði á íslensku skv. kristinni hefð og flutti Muhammed bænir skv. Íslamskri trúarhefð. Helgistund laugardagskvöldsins fór fram í Akureyrarkirkju og var það sr. Hildur Eir Bolladóttir prestur í Akureyrarkirkju sem hélt utan um hana. Lokamessa landsmóts fór svo fram í Akureyrarkirkju þar sem sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir vígslubiskup á Hólum í Hjaltadal predikaði og messaði ásamt sr. Sunnu Dóru Möller landsmótsstjóra.

## **Tónlist**

Sem fyrr var tónlistin í höndum hljómsveitarinnar Sálmara og áttu þau landsmótslagið „Vakir yfir mér“. Einnig sáu þau um tónlist á helgistundum, kvöldvöku, á balli laugardagskvöldsins og í lokamessunni.

## **Fræðsla:**

Í ár var þema mótsins flóttamenn og fjölmening. Í fræðslustund mótsins flutti sr. Eva Björk Valdimarsdóttir fræðslu sem lögð var út frá sögunni um miskunnsama samverjann, við fengum þau Reem Khattab al Mohammad 19 ára frá Sírylandi í heimsókn til okkar og föður hennar Khattab al Mohammad. Reem og Khattab eru flóttamenn og hluti af sírylensku fjölskyldunum sem komu til Akureyrar í janúar. Þau sögðu okkur frá

heimaborg sinni Aleppo og öll fundum við sterkt hve sárt það er að þurfa að flýja heimili sitt og allt sem maður þekkir og þurfa síðan að fylgjast með morðum og eyðileggingu úr fjarlægð. Þau sögðu okkur líka frá því hvernig múslimar og kristnir hafa lifað saman í Sýrlandi á friðsamlegan hátt í margar aldir. Í dag búa þau við öryggi og frið á Akureyri og eru þakklát fyrir það. Einnig kom til okkar Muhammed Emin Kizilkaya frá Horizon samtökunum. Hann rappaði og sagði okkur frá samtökunum sem vinna að þvertrúarlegu samstarfi og hvernig það var að alast upp í Danmörku og því verkefni sem hann tókst á við að finna sjálfan sig sem Dana með Tyrkneskan bakgrunn. Virkilega mögnuð og góð fræðsla sem hafði áhrif á alla sem á hlýddu.

### **Matur:**

Matur mótsins var í höndum Bautans á Akureyri. Meginmáltíðir fóru fram í Höllinni en morgunmatur var tvískiptur. Annars vegar í Brekkuskóla og hins vegar í mótuneyti heimavistarinnar á Akureyri. Þetta var gert til að skapa flæði í morgunmatnum og minnka bið. Maturinn fékk að venju misgóða dóma en Dominos á Akureyri sá um að enginn færi svangur að sofa á laugardagskvöldinu.

### **Tæknimál:**

Tæknimál mótsins voru í höndum Jakobs Þórs Möller, Hjartar Freys Sæland og fyrirtækisins Neo Pixel á Akureyri. Gekk það allt saman ljómandi vel fyrir sig.

### **Rútur:**

Hópferðir Inga sáu um að koma þátttakendum til og frá mótsstað líkt og fyrri ár. Það gekk þó ekki alveg hnökralaust fyrir sig þar sem það sprakk á einni rúttunni sem tafði þá sem í þeirri rútu voru um nokkra klukkutíma. Þetta var atvik sem skoðaðist þurfti vel eftir á og fara fyrir með Inga og hans fólki því vanbúnað rútur eiga ekki að vera á ferðinni með dýrmætan farm eins og ungmenni á leið á æskulýðsmót. En allt fór þó vel að lokum og fólk komst á mótsstað og vonandi naut helgarinnar.

## Upplýsingar fyrir mót og skráning:

Líkt og áður voru upplýsingar sendar út á tölvupósti reglulega fyrir mót, Allar upplýsingar eru einnig aðgengilegar inn á heimasíðu ÆSKP og leiðtogum og þátttakendum beint þangað. Skráning á mótið fór fram í gegnum rafrænt skráningarkerfi sem er einstaklega gott kerfi og auðveldar alla vinnu umtalsvert og heldur utan um allar tölfræðilegar upplýsingar ásamt fleiru sem léttir alla vinnu mótshaldara svo um munar. Skrámur léttir lífið!!

## Sjálfbóðaliðahópur:

Sjálfbóðaliðahópurinn taldi 19 manns að þessu sinni og starfaði við landsmót í samstarfi við landsmótsnefnd undir dyggri stjórn Katrínar Helgu Ágústsdóttur. Þessi ungmenni eru mótinu gríðarlega mikilvæg og leggja á sig mikla og óeigingjarna vinnu sem auðveldar alla framkvæmd og hlaup sem mótsnefnd þyrfti annars að sinna. Þessi hópur er mótinu dýrmætur og er þungavigtar hlekkur í framkvæmd mótsins í dag.

## Styrkir:

Kirkjumálamálasjóður styrkti mótið um 900.000 og veiti 410.000 kr aukalega í fræðslustyrk. Héraðssjóður Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastdæmis styrkti mótið um 250.000, Norðurorka um 40.000 og Akureyrarbær styrkti okkur um 150.000. Ríflegan afslátt fengum við að leigu á Íþróttahöllinni að auki. Einnig komu styrkir í formi aðfanga: Fiskur frá Gjögri á Grenivík, kartöflur frá kartöflubúunum Áshóli og Lómatjörn, Grýtubakkahreppi, hakk frá Norðlenska, pasta og corny frá Innes, kókómjólk og skyrdrykki frá MS, Topp frá Vífilfelli, bakkelsi frá Kristjánsbakarí og kaffi frá Kaffibrennslunni á Akureyri. Þessum aðilum öllum eru færðar hér þakkir fyrir stuðninginn.

## Dagskrá mótsins:

Tekin var sú ákvörðun í ár að breyta umtalsvert dagskrá mótsins.

Fyrsta breytingin og kannski sú stærsta var að í ár var ekki karnival og söfnun á mótsinu sjálfu. Í samræmi við þemað „*Flóttamenn og fjölmenn*“ var fötum safnað fyrir flóttafólk og hælisleitendur á Íslandi, í Jórdaníu, Sírlandi og Líbanon. Söfnunin fór fram heima í hverjum söfnuði fyrir mótið þar sem hvert æskulýðsfélag var hvatt til þess að safna 1 – 2 stórum svörtum pokum af fötum. Lögð var áhersla á að fötin væru nýtileg og í góðu ástandi. Framkvæmdin var þessi: Hvert æskulýðsfélag safnaði 1 – 2 stórum svörtum pokum af fötum og afhenti pokana við brottför á mótið. ÆSKÞ sá svo um að afhenda Hjálparstarfi kirkjunnar fötin, en hjálparstarfið sá svo um að koma þeim til skila í réttar hendur.

Sú ákvörðun var tekin að hafa ekki hópastarf líkt og á fyrri mótum, heldur var brugðið á það ráð að hafa einn stóran ratleik með öllum hópnum og var notað sérstakt símaapp í þann leik sem fór fram um alla Akureyri. Þetta var virkilega góð breyting og þó að ákveðnir byrjunarörðulegleikar hafi verið í upphafi þá tel ég þessa breytingu kærkomna, vel til þess fallna að hrista hópinn saman og flestir sem ég talaði við höfðu gaman af þrautunum og skemmtu sér hið besta. Þannig að það er sannarlega tilefni til að gera þetta aftur á mótinu í haust,

Sú ákvörðun var einnig tekin að hafa hæfileikakeppnina í ár með breyttu sniði. Nú var forkeppni og valið úr innsendum atriðum fyrir mót og voru það 5 atriði sem kepptu á stóra sviðinu í Höllinni að þessu sinni. Þetta var gert til að stytta keppnina, sem var orðin heldur löng og um leið að svara kalli um frekari frjálsan tíma á mótinu en gagnrýnisraddir hafa verið uppi um að lítill sem enginn frjáls tími sé á mótum sem þessum og ungmennin séu allan tímann inn í íþróttahúsum.

Að mínu mati heppnaðist það vel að hafa forkeppni í hæfileikakeppninni og tel ég það skili sér í betri og virkari hlustun að hafa færri atriði sem skili sér um leið í betri gæðum fyrir alla. Þetta fyrirkomulag á að halda sér að mínu mati áfram.

Hvað frjálsan tíma varðar á mótinu þá fórum við þá leið í ár að bjóða upp á meiri frjálsan tíma en áður. Aukinn frjáls tími var á föstudagskvöldinu og á laugardeginum. Þetta fyrirkomulag kallar að sjálfsögðu á aukna ábyrgð okkar allra sem að mótinu koma,

skipuleggjendur sem og leiðtoga sem koma með hóp á mótið og vera á vaktinni og fylgjast með sínu fólki. Ungmennin þurfa á sama hátt að vera traustsins verð þegar kemur að frjálsum tíma og kunna að fara vel með hann. Það gera þau að sjálfsögðu flest þó að ýmsir hnöktrar komi að sjálfsgöðu upp í þessu sem öðru sem var leyst í samvinnu við þau sem að máli komu. Það er mat mitt hér að það verði að vera frjáls tími fyrir ungmennin sem koma á mót og þau fái rými til að tala saman og vera utan dagskrár. En eins og áður sagði krefst það aukinnar ábyrgðar okkar allra sem að mótinu koma og eflaust er það flóknara þegar mót er haldið í stóru bæjarfélagi eins og Akureyri. En það gengur upp ef allir leggjast á eitt að halda utan um hópinn sinn.

Töfrarnir voru þeir að þar sem að það var ákveðinn sveigjanleiki í tímatöflunni gátum við tekið þá skyndiákvörðun á laugardeginum að sameinast á staðnum, öll sem eitt um það að leggja sýrlensku fjölskyldunni lið, sem talaði á fræðslustund morgunins og ganga með henni niður á Ráðhústorg á Akureyri þar sem hún stendur á hverjum laugardegi kl. 16.00 og mótmælir stríðinu í Sýrlandi. Þarna stóðum við saman, 450 ungmenni og leiðtogar með mannréttindum, með lífinu, með friði og með fólki þvert á öll trúarbrögð og þvert á það sem aðgreinir okkur í þessum heimi. Þetta var ekki gert af skyldu, heldur af því að við fundum öll sameiginlega í hjartanu okkar, fullorðnir og unglingar, að við vildum leggja okkar af mörkum. Þetta var töfrastund mótsins og ég verð alltaf þakklát fyrir að hafa fengið að upplifa þessa stund í kirkjunni minni.

Agnes Sigurðardóttir biskup kom á föstudagskvöldinu og setti mótið og færum við henni kærar þakkir fyrir að koma og vera með okkur á þeirri stundu.

Aðrir dagskrárliðir voru nokkuð hefðbundir og sjá má þá á heimasíðu ÆSKP en ég taldi mikilvægara hér að fara yfir þessar helstu breytingar sem voru gerðar á mótsfyrirkomulagi í ár því þær voru tölvuverðar og verður að skoðast í framhaldinu hvernig okkur finnst hafa tekist til og halda þannig áfram að þróa þetta stóra mót sem á að vera í stöðugri deiglu og endurskoðun svo við öll fáum sem mest gæði út úr því að vera þátttakendur í þessu góða og mikilvæga verkefni á vettvangi kirkjunnar okkar.

## Mótið í tölum:

Börn: 342(17 forföll)  
Leiðtogar: 62  
Sjálfbóðaliðar: 19  
Mótsnefnd: 10

**ALLS: 433**

**Þar af forföll: 17**

23 hópar alls.

## Lokaorð

Margt hefur nú þegar komið fram og ég vona að þessi stutta yfirferð gefi innsýn í framkvæmd og skipulagningu þessa stóra viðburðar sem vinnst vel af því að það er valin maður/kona í hverju rúmi og fólk er tilbúið til að leggja á sig óeigingjarna vinnu til að mótið heppnist og verði sem best úr garði gert. Ég tel mig hafa verið afar lánssama að hafa fengið þetta tækifæri að vera landsmótsstjóri, bæði hvað varðar þá reynslu að koma að því að skipuleggja viðburð af þessari stærðargráðu og vera þeim megin borðsins að sjá mótið verða að veruleika. Einnig er ég þakklát öllum sem ég kynntist í gegnum þessa skipulagningu því oft var afar gaman hjá okkur og allt samstarf alveg einstaklega ljúft og gott.

Ef að telja á eitthvað upp sem betur mætti fara þá situr það eftir í mér öll sú orka í skipulagningunni sem fer í að afal styrkja í formi peninga og matar. Mótið er eins og flestir vita ekki rekið með hagnaði og það fór alveg ofboðslega mikill tími í að ná niður kostnaði með því að fá kartöflur hér og fisk þar. Eflaust er það ekki hagkvæmt að hafa mótið í bæ eins og Akureyri þar sem nóg er um viðburði og ekki auðvelt að ná fram afslætti og góðum dílum. En í mínum huga á það ekki að skipta máli. Þetta er einn stærsti sjálfstæði viðburður á vegum kirkjunnar og hann er borinn uppi af sjálfbóðaliðum. Mótið er sönnun þess að grasrótin í kirkjunni blómstrar og barna- og unglíngastarfið er meira en bara skrautfjöður og hnoss til að hampa sér á á tyllidögum. Þess vegna á kirkjan í stóra samhenginu að standa mun meiri straum af kostnaði en nú er og sjá til þess að hægt að sé að reka þetta mót með auðveldum hætti og þannig að vinna nefndarfólks geti farið í að leggja til dæmis meiri áherslu á miðlun í almannarýminu og samskipti við æskulýðsfélög og leiðtoga út í héruðum. Þar er tímanum betur varið heldur en að vera sníkja kartöflur og fisk. Mér finnst komin tími til að þessu móti verði sýndur sá sómi sem það á skilið og það verði alltaf öruggt fjármagn sé tryggt til að halda geti það með góðum hætti óháð því hvar á landinu það sé hverju sinni.

Hér læt ég staðar numið að þessu sinni og þakka fyrir mig.

Sunna Dóra Möller

Landsmótsstjóri Landsmóts ÆSKÞ Akureyri 2016.